

## STJÓRNARFUNDUR

### Símafundur

Föstudaginn 25. maí kl:09:15

Föstudaginn 25.maí 2012 kom stjórn SSNV saman til símafundar. Mættir voru. Bjarni Jónsson, Sigurjón Þórðarson, Ágúst Þór Bragason, Adolf H. Berndsen og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Fundinn sátu einnig Einar Kristjánsson frá Strætó og Smári Ólafsson frá VSÓ.

Formaður Bjarni Jónsson setti fund og stjórnaði.

- 1. Almenningsamgöngur – Niðurstæða útboðs á akstri Akureyri-Reykjavík og Reykjavík-Akureyri f.h SSV, FV, SSNV og Eypings.** EK og SÓ kynntu niðurstöðu útboðsins sem opnað var þann 15. Maí s.l. Alls bárust 4 tilboð.

Bílar og fólk ehf	kr 147.122.325
Hópbílar ehf	kr 110.212.896
Kynnisferðir ehf	kr 164.866.947
Hópfærðabílar Reynis Jóhannssonar ehf	kr 124.073.408

Í útboðsgögnum var tekið fram að tilboðum yfir 110.500.000,- yrði hafnað. VSÓ Ráðgjöf hefur yfirfarið tilboðin og breytast tilboðsupphæðir ekki eftir yfirferð. Umræður urðu um málið. Stjórn SSNV samþykkir fyrir sitt leiti að fela Strætó bs f.h SSNV að ganga til viðræðna við lægstbjóðanda.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 09:45

Jón Óskar Pétursson fundarritari